

Skólaleikrit

TÖFRAPRÁÐURINN

Leikrit byggt á samnefndu ævintýri

Miðstig

ÞÓRUNN PÁLSDÓTTIR



NÁMSGAGNASTOFNUN
2011

Persónur:

PÉTUR

LÍSA

KENNAÐUR

ÁLFKONAN

RAGNAR

GUÐRÚN

SIGGI

BJARNEY

SÖGUMAÐUR 1

SÖGUMAÐUR 2

MÓÐIR

NEMENDUR

1. þáttur

SÖGUMAÐUR:

Einu sinni var ekkja, sem átti son, Pétur að nafni. Hann var hraustur og duglegur strákur en var latur í skólanum.

(Skólastofa. PÉTUR, LÍSA og tveir aðrir nemendur koma inn á sviðið og setjast við skólaborð. KENNARINN kemur inn.)

KENNARINN:

Góðan daginn.

BÖRNIN:

Góðan daginn. *(PÉTUR svarar ekki, er annars hugar.)*

KENNARINN:

Nú er komið að stærðfræðinni. *(Öll börnin taka upp bækurnar nema Pétur.)*
Pétur! *(ergilegur)*: Pétur, um hvað varstu nú að hugsa?

PÉTUR:

Ég var að hugsa um hvað ég eigi að verða þegar ég er orðinn stór.

KENNARINN:

Getur þú ekki beðið með það? Maður fær ekki allt sem maður vill þó maður sé orðinn stór.

(Myrkur á sviði. KENNARINN og LÍSA frjósa. PÉTUR gengur fram á pallinn. Ljós á Pétur sem stendur og starir hugsandi fram.)

SÖGUMAÐUR 1:

En Pétur átti bágð með að bíða. Á veturna hugsaði hann: Bara að sumarið væri nú komið.

SÖGUMAÐUR 2:

Og þegar hann var í skólanum óskaði hann þess að dagurinn væri á enda.

SÖGUMAÐUR 1:

Og á sunnudagskvöldum andvarpaði hann í rúminu ...

PÉTUR *(geispar og teygir sig)*:

Oh, hvað ég vildi að það væri frí á morgun! (Fer út.)

MYRKUR

2. þáttur

SÖGUMAÐUR 2:

Lísa var góð vinkona Péturs. Hann lék sér mikið við hana.

TÓNLIST – FJÖRUGT LAG

(LÍSA og PÉTUR koma inn á pallinn fyrir framan sviðið, taka saman báðum höndum og snúast brosandí í nokkra hringi. LÍSA þeytist út af sviðinu. Brak og brestir heyrast.)

PÉTUR:

Ef ég væri nú orðinn stór mundi ég giftast Lísu. Ég ætla að athuga hvort það sé ekki allt í lagi með hana. (Fer út.)

SÖGUMAÐUR 1:

Oft reikaði Pétur einsamall um skóginn í þungum þönkum. Einn bjartan sumardag lagðist hann á bekk og sofnaði.

(PÉTUR kemur inn og leggst á bekk undir trjám á hliðarpalli.)

(ÁLFKONAN kemur og stendur yfir Pétri.)

ÁLFKONAN:

Sjáðu hvað ég er með Pétur. *(Sýnir honum bauk úr silfri.)*

(PÉTUR sest upp, starir á baukinn og nuddar augun.)

ÁLFKONAN:

Sérðu þennan þráð? *(Sýnir honum þráðinn.)* Þetta er lífsþráður þinn. Ef þú vilt að tíminn líði hratt, þá skaltu kippa í þráðinn. Viljirðu hins vegar að tíminn fari sér hægt eins og hjá öðrum mönnum, þá láttu hann vera. Við minnsta kipp er heil stund liðin. Þú getur ekki ýtt þráðinum inn. Ef þú segir einhverjum frá þessum bauk þá muntu deyjá.

(PÉTUR þrífur baukinn af ÁLFKONUNNI. Hún fer.)

PÉTUR *(skoðar baukinn vel)*:

Skrítið, það er eins og þráðurinn skríði undurhægt út um gatið. (Stingur bauknum í vasann og fer út.)

MYRKUR

3. þáttur

LJÓS Á SVIÐ

(Skólastofan. PÉTUR, LÍSA og nemendurnir tveir koma inn og setjast í stóla sína. KENNARINN kemur inn.)

KENNARINN:
Góðan daginn.

BÖRNIN:
Góðan daginn

KENNARINN:
Nú höldum við áfram að rifja upp margföldunartöfluna. Pétur hvað er 9x9. *(PÉTUR er að tala við LÍSU og heyrir ekki í kennaranum.)*

KENNARINN *(reiður)*:
Pétur, viltu gjöra svo vel að taka eftir, þetta gengur ekki lengur.

(PÉTUR tekur upp baukinn og um leið frjósa hinir nemendurnir og kennarinn. Pétur sýnir áhorfendum að hann togar pínulítið í þráðinn.)

TÓNLIST – STEF

KENNARINN:
Þið megið fara heim.

MYRKUR

SÖGUMAÐUR 2:
Þetta gerði Pétur oftár og að lokum daglega.

(Ljós á sama svið aftur. PÉTUR OG LÍSA og nemendurnir koma inn og fá sér sæti. KENNARINN kemur inn. Börnin spjalla saman.)

KENNARINN:
Góðan daginn.

NEMENDUR:
Góðan daginn.

KENNARINN:
Nú er það landafræðin. Hvað heitir höfuðborg Grikklands.

(PÉTUR talar við Lísu og þau rétta ekki upp hönd. Hinir nemendurnir rétta upp hönd.)

KENNAÐURINN (*hvasst*):

Pétur, viltu hafa þögn og hætta þessum hávaða. (*Slær prikinu í borðið.*)

(PÉTUR tekur upp baukinn. KENNAÐURINN og LÍSA frjósa. PÉTUR sýnir áhorfendum baukinn, glottandi, og togar pínulítið í þráðinn.)

TÓNLIST – STEF

(Allir lifna við.)

KENNAÐURINN:

Skólinn er búinn í dag. Þið megið fara heim.

SÖGUMAÐUR 1:

Nú lék lífið við Pétur. Hann var í leyfi alla daga. Þannig var um nokkurn tíma.

(PÉTUR kemur fram á pallinn.)

PÉTUR:

Hvað ég get verið heimskur. Ef ég væri búinn með grunnskólann þá gæti ég lært það sem ég vil. Mig langar til að verða smiður og byggja hús. (*Pétur tekur baukinn upp og sýnir hann sposkur og fer út.*)

TÓNLIST – STEF

TÓNLIST – TAKTFAST LAG

MYRKUR

4. þáttur

(PÉTUR kemur fram á pallinn með hamar, nagla og spýtu. Hann er kominn í vinnugalla og klossa. Hann neglir nagla í spýtuna.)

PÉTUR (*lítur upp*):

Oh, það er vika þangað til að ég fæ útborguð launin mín.

Ég ætla að kippa í þráðinn. (*Hann tekur baukinn upp og kippir í þráðinn.*)

TÓNLIST STEF

(RAGNAR, verkstjóri kemur með peninga í hendinni og afhendir Pétri.)

RAGNAR:

Hérna eru launin þín Pétur. Þú ert duglegur og hefur staðið þig mjög vel í vinnunni.

PÉTUR:

Takk, Ragnar. Ég hef gaman af því að vinna fyrir þig. (*RAGNAR fer út.*)

5. þáttur

(LÍSA kemur gangandi með skólatösku í hendinni. Hún er orðin fullorðin og klædd eftir því. PÉTUR er í vinnugallanum og neglir í spýtu.)

PÉTUR (lítur upp og sér Lísu):
Sæl, Lísa. Hvert ertu að fara?

LÍSA:
Ég er í Kennaraskólanum eins og þú veist.

PÉTUR:
Já, kæra Lísa. (Tekur upp box úr vasanum og krýpur á kné fyrir framan Lísu.) Mig hefur lengi langað til að spyrja þig hvort þú viljir giftast mér.

LÍSA:
Já, ég er alveg til í það en fyrst verð ég að klára skólann.

PÉTUR:
En það er heilt ár þangað til.

LÍSA:
Það verður að hafa það. Bless, Pétur minn. Ég er að verða of sein í skólann. (Fer út.)

PÉTUR (sposkur):
Ha, ha, árið verður fljótt að líða. Ég kippi bara í þráðinn. (Fer út.)

TÓNLIST – STEF

SÖGUMAÐUR 2:
Um kvöldið kippi Pétur mörgum sinnum í spottann og um morguninn var árið liðið.

TONLIST – STEF

(LÍSA kemur fram á sviðið og PÉTUR kemur í sama mund inn úr hinni áttinni.)

PÉTUR:
Sæl.

LÍSA (feimin):
Sæll.

PÉTUR (krýpur á kné fyrir framan hana):
Kæra Lísa, viltu giftast mér?

LÍSA:

Já, nú er ég búin í skólanum. Ég er tilbúin til að giftast þér, Pétur minn.

(PÉTUR stendur upp og setur hring á fingur hennar.)

BRÚÐKAUPLAG SPILAÐ

(Þau takast í hendur og hoppa hlæjandi í hring. Þau hlaupa glöð út hönd í hönd.)

6. þáttur

LJÓS Á SVIÐ

(PÉTUR situr í stól og les í blaði. Börnin leika sér í kringum hann.)

SÖGUMAÐUR 1:

Lísa og Pétur eignuðust þrjú börn og um tíma gekk allt vel. Pétur stillti sig um að toga í spottann. Hann hafði gaman af að vera með glaðværa hópnunum sínum.

SÖGUMAÐUR 2:

Stundum gat það þó verið þreytandi. Ég tala nú ekki um þegar Pétur var þreyttur eftir langan vinnudag og vildi frá frið til þess að lesa blaðið og horfa á sjónvarpið.

(Börnin hamast í PÉTRI og toga í hann.)

GUÐRÚN:

Pabbi, segðu mér sögu.

SIGGI:

Pabbi, viltu hjálpa mér með stærðfræðina?

BJARNEY:

Pabbi, ég vil fá ís.

GUÐRÚN (*ýtir við Sigga*):

Ég var fyrst, farðu frá.

SIGGI (*ýtir á móti*):

Þú meiddir mig.

PÉTUR (*stendur upp. Um leið dettur baukurinn á gólfíð*):

Svona, svona krakkar mínir, verið nú einu sinni til friðs.

SIGGI (*sér baukinn og tekur hann upp*):

Hvað er þetta?

(Hin börnin þyrpast að Sigga og reyna að ná bauknum.)

GUÐRÚN og BJARNEY:

Leyfðu okkur að sjá. SIGGI hleypur um. BÖRNIN elta SIGGA og reyna að ná stauknum. PÉTUR hleypur á eftir halarófunni.)

PÉTUR:
Siggi, láttu mig fá baukinn.

(SIGGI réttir PÉTRI baukinn.)

SIGGI:
Hvað er þetta? Það lafir einhver þráður út úr þessu?

PÉTUR *(flýtir sér að setja baukinn í vasann)*:
Ég geymi smápeningana mína í þessum stauk.

(LÍSA kemur inn.)

LÍSA *(heldur á sleif og er með svuntu)*:
Gjörið svo vel að koma að borða. Það er kominn matur.

ALLIR:
Takk fyrir. *(Börnin fara út.)*

PÉTUR *(strýkur sér um ennið)*:
Úff, þarna munaði mjóu.

MYRKUR

7. Þáttur

LJÓS Á PALL

(PÉTUR og MÓÐIR kom út á pallinn og ganga yfir hann. Hún er hokin og höktir. Hann styður hana.)

SÖGUMAÐUR 1:

Pétur hafði áhyggjur af móður sinni. Hún var orðin gömul og veik.

MÓÐIR:

Elsku Pétur minn, nú er ég orðin gömul og grá. Ég verð að fara á elliheimili.

PÉTUR:

Já, mamma mín, tíminn hefur liðið svo hratt. *(Leiðir móður sína yfir á hinn enda pallsins, hún fer út og hann veifar á eftir henni.)*

SÖGUMAÐUR 2:

Nú var þráðurinn ekki lengur gullinn heldur silfurlitaður og Pétur grunaði að hann yrði ekki eilífur.

(PÉTUR skoðar dósina.)

(BJARNEY, elsta dóttirin, kemur inn grátandi.)

PÉTUR:

Hvað kom fyrir, Bjarney mín?

BJARNEY:

Krakkarnir í skólanum réðust á mig út af engu.

PÉTUR:

Æ, æ, það var leiðinlegt. Hvað gerðist, Bjarney mín?

BJARNEY:

Við Gummi vorum að rífast og þá sparkaði ég í hann ... alveg óvart.

PÉTUR:

Nú, sparkaðir þú alveg óvart?

BJARNEY:

Já, og þá kom Tóti vinur hans og ætlaði að ráðast á mig og þá lamdi ég hann í hausinn með spýtu, sko, alveg óvart. Þá réðust þeir bara á mig.

PÉTUR:

Heyrðu Bjarney, þú byrjaðir og svo lamdir þú Tóta með spýtu í höfuðið. Það er stórhættulegt.

BJARNEY:

Ég ætlaði ekki að gera það, ég sver.

PÉTUR:

Jæja, jæja. Ég vorkenni þér ekki mikið. Farðu nú inn til mömmu þinnar og hjálpaðu henni að þvo upp. (BJARNEY fer út.)

(PÉTUR stynur og þurrkar sér um ennið.)

PÉTUR:

Æ, það væri nú miklu betra ef börnin væru öll orðin stór og gætu bjargað sér sjálf. (Tekur upp baukinn, sýnir hann og fer út.)

TÓNLIST – STEF

SÖGUMAÐUR 1:

Nú var Lísu orðin heilsulaus og Pétur gigtveikur og gráhærður. Hann kippti alltaf í þráðinn þegar hann fann til.

TÓNLIST – STEF

SÖGUMAÐUR 2:

Því oftast sem hann togaði í töfraþráðinn því fyrr yrði lífið búið. Einn morguninn var þráðurinn ekki silfurlitaður, heldur grár.

TÓNLIST

LJÓS Á SVIÐ

(Stofan. LÍSA kemur inn. Hún er hokin og hóstar mikið. Hún er með klút og þurrkar af. PÉTUR kemur hinum megin inn og gengur til hennar.)

PÉTUR:

Ég er orðinn gamall og grár og held ég að við hægjum nú ferðina, Lísu mín.

LÍSA:

Já, nú átt þú að hætta að vinna og setjast í helgan stein. (Hún hóstar.)

PÉTUR:

Æ, ég hef ekki efni á því núna.

(LÍSA fer út.)

PÉTUR:

Ég ætla kippa í þráðinn þangað til ég kemst á eftirlaun. (*Fer út.*)

MYRKUR

TÓNLIST – STEF

TÓNLIST – LAG

8. þáttur

LJÓS Á BEKK Á HLIÐARPALLI

(PÉTUR kemur inn og sest á bekk undir trjám á hliðarpalli.)

SÖGUMAÐUR 1:

Nú var Pétur kominn á eftirlaun og gat hvílt sig. Á fyrsta degi gekk hann út í skóg til að hugsa. Litlu grenitrén voru orðin stór og gildvaxin. Hann settist á bekk og fékk sér smáblund.

(ÁLFKONAN kemur inn.)

ÁLFKONAN:

Jæja, Pétur hvernig hefur gengið? Hefur þú lifað hamingjusömu lífi?

PÉTUR:

Æ, ég veit það ekki. Baukurinn þinn breytti lífi mínu. Hið fagra og þægilega rak hvað annað. Ég var alltaf óþolinmóður og vildi eitthvað betra. Nú er ég orðinn gamall og heilsulítill. Gjöf þín hefur ekki fært mér neina hamingju.

ÁLFKONAN:

Uss suss, þú ert vanþakklátur. Segðu mér þá hvernig þú hefðir viljað hafa þetta?

PÉTUR (*stendur upp*):

Þú hefðir átt að gefa mér annan bauk með þræði sem má ýta til baka og þá hefði ég getað bætt úr því sem ég gerði rangt. Þá hefði lífið ekki liðið svona fljótt.

ÁLFKONAN:

Ha, ha, það er því miður ekki hægt. En ég get veitt þér eina ósk.

PÉTUR:

Hvers má ég óska mér?

ÁLFKONAN:

Þú mátt ráða.

PÉTUR:

Ég vildi mega lifa lífinu aftur, en þó án töfrabauksins þíns. Ef vel gengur þá gengur það vel og ef illa gengur, þá gengur það illa.

ÁLFKONAN:

Þetta var þér mátulegt. Láttu mig þá fá baukinn.

(PÉTUR réttir henni baukinn og sofnar.)

MYRKUR

TÓNLIST – RÓLEGT LAG

9. þáttur

(PÉTUR liggur í rúminu. Móðir hans situr hjá honum. Hún er ekki gömul.)

MÓÐIR:

Ertu vaknaður, Pétur minn?

PÉTUR:

Hvar er ég?

MÓÐIR:

Í rúminu þínu, kjáninn þinn. Þú hefur verið mjög veikur og með óráði.

PÉTUR:

Er ég þá ekki gamall?

MÓÐIR:

Nei, auðvitað ekki.

PÉTUR (*gladur*):

Er Lísa ekki orðin gömul kona?

MÓÐIR:

Lísa, gömul. Þú ert ekki með öllum mjalla. Hún situr frammi og vill fá að hitta þig.

(LÍSA kemur inn.)

LÍSA:

Sæll Pétur. Ertu orðinn frískur?

PÉTUR (*kemur til LÍSU og leiðir hana fram á sviðið*):

Já, já. Mér er alveg batnað. Á morgun förum við saman í skólann. Ég get varla beðið.

(ALLIR leikararnir koma fram og syngja).

(Lag: Litla flugan)

Hann vildi ólmur aftur lífið byrja
og álfadrottning leyfði honum það.
Í upphafi skal ávallt að því spyrja
hvort endir verði sá sem stefnt var að.
Nú er litli leikurinn á enda,
að lokum skein þar hamingjunnar sól.
Við viljum jafnframt ykkur öllum senda
ósk um farsælt ár og gleðileg jól.